

Skipulagsfulltrúi
Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 18. ágúst 2017
UST201707-009/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýaing. Tillaga að deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts, Garðabæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 3.júlí sl þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts.


Í erindinu kemur fram að áætlað skipulagssvæði sé um 21,5 ha og að markmiðið sé að deiliskipuleggja svæðið fyrir íbúðabyggð með 450 – 550 íbúðareiningum.


Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er að hluta innan vatnasviðs Urriðavatns og að tekið verði tillit til þess með blágrænum ofanvatnslausnum í götum og við íbúðarbyggingar. Umhverfisstofnun tekur undir það en bendir á að einnig er mikilvægt að hugað sé að sjónrænum áhrifum og tengingum framkvæmdasvæðis við náttúrulegt umhverfi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir markmið og áherslur við deiliskipulagsgerðina og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur